



## Fundarboð Aðalfundur

Aðalfundur Vísindafélags Íslendinga verður haldinn **miðvikudaginn 30. mars 2005, kl. 19:15** í Norræna húsinu í Reykjavík. Dagskrá aðalfundar er samkvæmt ákvæðum í lögum félagsins.

1. Lesin fundargerð síðasta fundar.
2. Skýrsla stjórnar um störf félagsins síðasta ár.
3. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
4. Ákvörðun árgjalds
5. Tillögur um lagabreytingar  
Sjá hjálagðar tillögur stjórnar um lagabreytingar. Þær voru kynntar á síðasta félagsfundi 23. febrúar.
6. Kosning stjórnarmanna.  
Á síðasta aðalfundi voru forseti, varaforseti, féhirðir og varaféhirðir kosnir til tveggja ára og sitja þeir því áfram. Ritari og vararitari voru kosnir til tveggja ára fyrir tveimur árum og þarf því að kjósa í þeirra störf á fundinum.
7. Kosning endurskoðenda.  
Endurskoðendur eru samkvæmt lögum félagsins kosnir til eins árs í senn.
8. Kosning nýrra félagsmanna.  
Valnefnd félagsins hefur sent stjórn tillögur sínar um fjóra nýja félagsmenn og þrjá nýja bréfafélaga. Formaður valnefndar kynnti tillögurnar á síðasta félagsfundi. Tillögurnar fylgja með þessu fundarboði.
9. Önnur mál.
10. Erindi Inga Þorleifs Bjarnasonar, jarðeðlisfræðings. Gert er ráð fyrir að erindið hefjist kl. 20:00.

*Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum er fundurinn öllum opin. Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna og taka með sér gesti. Kaffistofa Norræna hússins verður opin að fundi loknum.*

Einar Sigurbjörnsson  
Forseti Vísindafélags Íslendinga